

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

1. *Suðurhraun 6 og 10. Breyting á deiliskipulagi Molduhrauns.*  
Breytingin gerir ráð fyrir því því að lóðin Suðurhraun 10 stækki en lóðin Suðurhraun 6 minnki. Byggingarreitur lóðar nr. 10 stækkar verulega.
2. *Brekkugata/Mosagata. Breyting á deiliskipulaginu Urriðaholt - norðurhluti 2.*  
Breytingin gerir ráð fyrir því að gatnamót færast til vesturs og að ein einbýlishúsalóð, Brekkugata nr. 8 falli brott.
3. *Mosagata 1-7. Tillaga að breytingu á deiliskipulaginu Urriðaholt - vesturhluti.*  
Breytingin gerir ráð fyrir því að viðmiðunarbyggingarmagn aukist um 293 m<sup>2</sup>, hæðir hliðrist lítilllega, opin bílskýli verði felld út, hæð verði bætt ofan á austustu álmu um leið og niðurgrafin hæð verði felld út.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 16. júní 2016.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2016